Alþingi
Erindi nr. Þ 119/97
komudagur 9/6 1995 PHB 9.6.1995

# Tollar:

**Verðjöfnunargjöld,** skv. ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga., sem rúmist innan tollabindinga. (2. mgr. 4.gr. sbr. 120 gr. og 72 gr. búvörulaga.)

**Undirboðs- og ofinnflutningstollar** skv. 115-119 gr. (Háð reglugerð landbúnaðarráðherra.)

**Takmörkun á innflutningi** landbúnaðarafurða frá löndum utan GATT. (Aukin takmörkun?)
Dæmi: 1004 Hafrar.

**Tollar samkvæmt tollskrá, Viðauka I** (1. mgr, 4. gr.) (Summa prósentutolls og magntolls):

Dæmi: 1905.2000 Hunangskökur. Tollur 20% + 85 kr/kg. Cif verð 150 kr. Tollur 30+85 = 115. Verð með tolli 150+115 = 265 kr/kg.

**Tollbinding þ.e. hámark tolla frá GATT-ríkjum er talinn upp í Viðauka II Landbúnaðarvörur í Viðauka IIA**. Hámark prósentutolls og magntolls en **EKKI** summa þeirra.
Dæmi: 1905.2000 Hunangskökur. Tollur 1995: max(36% , 0 kr/kg). Cif verð 150 kr. Tollur max(54 , 0) = 54. Verð með tolli 150+54 = 204 kr/kg. Lækkandi 1995..2000 í 31% Verð með tolli 196,50.

**Bannaðar vörur og takmarkað leyfðar fá tollkvóta í Viðaukum III A / B (Lágmarkstollkvóta).** Úthlutað af landbúnaðarráðherra.
**Tollur á vörur í viðauka IIIA er 32% af grunntaxta í viðauka IIA**
Dæmi: Bannaðar vörur núna: Egg: ný 0407 (og skurnlaus 0408) Magn 35 tonn 1995 og 76 tonn 2000. Tollur er 32% af grunntaxta í viðauka IIA 0407.0000 er 32% af max(2,49SDR,478%) = max(80 kr/kg , 153%) Innkaupsverð 79kr/kg. Tollur max(80 , 121) = 121. <u>Verð með tolli 200 kr/kg.</u>
Tollur samkvæmt viðauka I er 30% + 243kr/kg = 24 + 243 = 267kr/kg. <u>Verð með tolli 346kr/kg.</u>
Tollbinding samkvæmt viðauka II er 1995: max(2,43SDR,466% af 79) = max(243 , 368) = 368. <u>Verð með tolli 447kr/kg.</u> Lækkar um 47kr/kg næstu 5 ár í 400kr/kg árið 2000..

**Iðnaðarvörur í Viðauka IIB skulu bera hæst 30% toll.** Undanþegnar eru fóðurvörur, sem eru yfirleitt með 55% toll.

**Aukakvótar eru leyfðir á kjöti, mjólk, smjöri og ostum í viðauka IVA og á grænmeti í viðauka IVB.** Úthlutað af landbúnaðarráðherra.

**Tollur á vörur í viðauka IVA** er 75% af magntolli í tollskrá (viðauka I) **EÐA** 32% af grunntaxta í viðauka IIA.
Dæmi: (sjá að ofan): Egg: ný 0407 (og skurnlaus 0408) Magn 80 tonn á ári. Tollur er 75% af 243kr/kg = 182kr/kg. Verð með tolli 261kr/kg **EÐA** 32% af grunntaxta í viðauka IIA sjá að ofan. <u>Verð með tolli 200 kr/kg.</u>

**Tollur á vörur í viðauka IVB** er 0%, 25%, 50% eða 75% af magntolli í tollskrá (viðauka I).
Dæmi: Kartöflur: 0701 (og 0710) Magn 4000 tonn á ári.
Tollur er 0%, 25%, 50% eða 75% af 60kr/kg = 0, 15, 30 eða 45kr/kg. Innkaupsverð 70kr/kg.
<u>Verð með tolli 70kr/kg, 85kr/kg, 100kr/kg, 115kr/kg.</u>

PHB 9.6.1995

## Hugmynd að uppboði á tollum:

3. gr.

Í stað orðanna "Um úthlutun þeirra ... lögum þessum." komi "Um úthlutun kvóta samkvæmt viðaukum IIIA og B og tollafslátt á vörur samkvæmt viðauka IIIA fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 99/1993."

19.gr.

1. mgr. hljóði:

"Landbúnaðarráðherra úthlutar tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IIIA og B við tollalög nr. 55/1987. Honum er heimilt að veita afslátt frá tolli samkvæmt viðauka I á vörur samkvæmt viðauka IIIA (~~Vörur samkvæmt viðauka IIIB bera toll samkvæmt 2. mgr. 6.gr.A laga nr. 55/1987.~~) Landbúnaðarráðherra skal auglýsa eftir umsóknum um kvóta fyrir hvern árfjórðung og tilgreina kvóta sem veita skal samkvæmt viðauka IIIA og þann kvóta, sem hann hyggst veita samkvæmt viðauka IIIB. Skulu umsóknir um kvóta tilgreina magn, toll og afslátt frá tolli og tímabil. Umsóknum skal og fylgja bankatrygging fyrir 10% væntanlegs tolls. Umsóknir skulu samþykktar í röð vaxandi tollafsláttar uns kvóta samkvæmt viðauka IIIA er náð."